

Efni: Áfrýjunarbeiðni knattspyrnudeildar Stjórnunnar.

Vísað er til beiðni um áfrýjunarleyfi frá knattspyrnudeild Stjórnunnar dags. 12. maí 2023 vegna úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann sama dag. Samkvæmt e) lið greinar 16.2 skal skriflegri beiðni um að áfrýjunardómstóll KSÍ heimili áfrýjun í undantekningartilvikum beint til formanns dómstólsins og barst beiðnin réttilega og innan tímamarka. Feldís Lilja Óskarsdóttir er formaður áfrýjunardómstóls KSÍ.

Beiðni Stjórnunnar lýtur nánar að því að áfrýjunardómstóll KSÍ heimili áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 12. maí 2023 þar sem leikmaður Stjórnunnar, Anna María Baldursdóttir, var úrskurðuð í tveggja leikja bann vegna atviks sem átti sér stað í leik Stjórnunnar og ÍBV í Bestu deild kvenna þann 2. maí 2023.

Heimild til að áfrýja úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í agamálum til áfrýjunardómstóls KSÍ er að finna í grein 16.2 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðamál. Almennu verður úrskurðum nefndarinnar í agamálum ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ nema í nánar tilgreindum undantekningartilvikum, sem skýra verður þröngt. Úrskurðum um tveggja leikja bann eða vægari refsingu vegna agabrota verður ekki skotið til dómstólsins, sbr. 16.2 a) liður. Það þarf þriggja leika bann til eða þyngri refsingu til að áfrýjun verði talin heimil. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ úrskurðaði leikmann Stjórnunnar í tveggja leikja bann og þegar af þeirri ástæðu verður þeim úrskurði ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ með vísan til greinar 16.2 a).

Í grein 16.2 e) er fjallað um heimild áfrýjunardómstóls KSÍ til að heimila áfrýjun annarra úrskurða í agamálum í undantekningartilvikum ef dómstóllinn telur sérstakar ástæður fyrir hendi. Undantekningarnar frá meginreglunni um að úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í agamálum verði ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ er að finna í grein 16.2 a)–d). Heimild áfrýjunardómstóls KSÍ nær til annarra úrskurða en þeirra sem þar er sérstaklega fjallað um.

Mál leikmanns Stjórnunnar er um tveggja leikja bann og því verða að vera sérstakar ástæður fyrir hendi til að heimila áfrýjun úrskurðarins. Í beiðni Stjórnunnar er m.a. á því byggt að í máli þessu séu ekki aðeins sérstakar ástæður fyrir hendi heldur feli úrskurður aga- og úrskurðarnefndar í sér stefnumarkandi ákvarðanir um grundvallaratriði sem óhjákvæmilegt sé að áfrýjunardómstóllinn taki til umfjöllunar áður en þær mynda fordæmi sem stuðst verður við í framtíðinni. Þá er jafnframt á því byggt að málsmeðferð aga- og úrskurðarnefndar hafi í veigamiklum atriðum verið áfátt sem leiði til þess að dómstóllinn verði að fallast á beiðni um áfrýjun.

Í áfrýjunarbeiðni Stjórnunnar er m.a. vísað til þess að ekki liggi fyrir hvort gætt hafi verið að jafnræðisreglu greinar 2.2. í lögum KSÍ og með öllu sé óljóst hver frestur framkvæmdastjóra KSÍ er til málskots í málum eins því sem hér er uppi. Það er mat formanns áfrýjunardómstóls að horfa verði til þess að í grein 5.3. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál er að finna undanþágu frá þeirri meginreglu um að nefndin úrskurði almennt um þau atriði sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna KSÍ. Er beitingu undanþáguheimildar greinar 5.3. settar þröngar skorður en m.a. er gerður skýr áskilnaður um alvarlegt agabrot í knattspyrnuleik sem dómari eða aðstoðarmenn hans sáu ekki í leiknum. Þá sé málskot aðeins á færi stjórnar KSÍ og framkvæmdastjóra, sbr. greinum 17. og 19. laga KSÍ, sbr. einnig grein 5.2. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Gera verður þá kröfu til stjórnar KSÍ og framkvæmdastjóra að gætt sé hlutleysis og jafnræðis í þeirra störfum, sbr. ákvæði greinar 2.2. laga KSÍ. Í máli því sem hér er til umfjöllunar er það mat formanns áfrýjunardómstóls að ekki hafi verið með nokkrum hætti sýnt fram á að framkvæmdastjóri hafi með málskoti sínu virt að vettugi jafnræðisreglu greinar 2.2. laga KSÍ.

Í 4. mgr. 9. greinar agareglugerðar FIFA [FIFA Disciplinary Code] er að finna sambærilegt heimildarákvæði og er að finna í grein 5.3. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál. Agareglur FIFA eru ákvæðum reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál til fyllingar eftir því sem við á skv. 23. gr. Frestur til málskots mála af þessu tagi, samkvæmt agareglum FIFA, miðast við tvö ár vegna brota sem framin er í knattspyrnuleik, sbr. a) lið 1. mgr. 10. greinar reglnanna. Ekki er sérstaklega tilgreindur málskotsfrestur vegna agamála samkvæmt grein 5.3. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál og verður því að miða við málskotsfrest agareglna FIFA því til fyllingar, sbr. 23. grein.

Tiltekið er í áfrýjunarbeiðni knattspyrnudeildar Stjórnunnar að tveggja leikja bann Önnu Maríu Baldursdóttur hafi grundvallast á myndbandsupptöku sem hafi verið í bága við orðalag 2. málslíðar greinar 5.5. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Eins og fram kemur í úrskurði aga- og úrskurðarnefndar að þá getur nefndin úrskurðað um alvarleg agabrot sem dómari og aðstoðarmenn hans sáu ekki í leik og brugðust því ekki við, sbr. grein 5.3 í reglugerð um aga- og úrskurðarmál. Greinin takmarkar í engu hvaða gögn eða upplýsingar það eru sem nefndin getur stuðst við þegar ábending berst um brot í leik sem farið hefur framhjá dómara og aðstoðarmönnum hans. Það er aga- og úrskurðarnefndar að meta hvort umrætt atvik telst vera agabrot og um alvarleika þess. Í þessu máli lá myndbandsupptaka af umræddu atviki til grundvallar úrskurði nefndarinnar. Þar sést hvar umræddur leikmaður Stjórnunnar togar í hárið á leikmanni ÍBV sem metið hefur verið alvarlegt agabrot af aga- og úrskurðarnefnd KSÍ. Knattspyrnudeild Stjórnunnar hefur ekki lagt fram ný gögn með beiðni um áfrýjunarheimild sem breyta því mati aga- og úrskurðarnefndar að atvikið teljist alvarlegt agabrot eða leitt að því líkum með öðrum hætti að nefndin hafi metið atvikið ranglega.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er það mat formanns áfrýjunardómstóls KSÍ að ekki séu fyrir hendi þær sérstöku ástæður samkvæmt grein 16.2 e) að dómstóllinn geti heimilað áfrýjun á tveggja leikja banni Önnu Maríu Baldursdóttur samkvæmt úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 12. júní 2023.

Áfrýjunarbeiðni knattspyrnudeildar Stjórnunnar er hafnað.

Reykjavík, 14. maí 2023

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]